

## JÖKULDALSVEGUR (923) UM HRAFNKELSDAL, FLJÓTSDALSHÉRAÐI

### Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

#### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir á áfanga I muni hafa óveruleg áhrif á vatnalíf en líklega muni framkvæmdir á áfanga II hafa nokkur neikvæð áhrif á vatnalíf. Vegagerðin hefur lýst því yfir að leitað verði samráðs við Veiðimálastofnun um rannsóknir á lífríki árinna, tímasetningu framkvæmda og breytingar á farvegum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdaleyfi fyrir áfanga II verði háð skilyrði um slíkt samráð og að verktilhögun byggji á ráðgjöf Veiðimálastofnunar.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna vegagerðar um Hrafnkelsdal hafa í för með sér varanlegar breytingar á landslagi, ásýnd og upplifun svæðisins. Þrátt fyrir að vegurinn muni að hluta til liggja innan núverandi slóða og raskaðs lands og þess gætt að hann falli vel að landslagi er um að ræða mannvirki sem hafa áhrif á upplifun og friðsæld Hrafnkelsdals. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á ásýnd og landslag verði nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni og telur að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð á fuglalíf. Helstu áhrifin verði á varplönd heiðargæsa sem þurfi að víkja að hluta auk þess sem nokkur óvissa verði um búsetu fálka á svæðinu. Hvort tveggja verður vaktað á framkvæmdatíma og fyrstu fimm ár eftir framkvæmdalok.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður þar sem rask á gróðursvæðum verður talsvert umfangsmikið. Endurheimt votlendis, uppgræðsla víðikjarrs í stað þess sem tapast og uppgræðsla almennt í stað tapaðs gróðurs mun draga verulega úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gróður.

Skipulagsstofnun telur brýnt að fyrirmælum í umsögn Minjastofnunar Íslands verði fylgt nákvæmlega. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að halda neikvæðum áhrifum á menningarminjar í lágmarki og líklegt að þau verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Fornleifarannsóknnum vegna fornleifa nr. 13 og 14 skal lokið og skulu niðurstöðurnar kynntar fyrir Minjastofnun Íslands sem tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til frekari fornleifarannsókna.
2. Niðurstöður úr rannsóknum á lífríki Hrafnkelu á vatnasvæði áfanga II þurfa að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt fyrir þeim hluta framkvæmdanna.

---

1	INNGANGUR .....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	3
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM .....	5
3.1	Vægiseinkunnir .....	5
3.2	Áhrif á landnotkun .....	6
3.3	Áhrif á landslag .....	6
3.4	Áhrif á jarðmyndanir .....	7
3.5	Áhrif á menningarminjar .....	7
3.6	Áhrif á gróður og dýralíf .....	8
3.6.1	Áhrif á gróður .....	8
3.6.2	Áhrif á fugla .....	8
3.7	Áhrif á lífríki vatnsfalla .....	9
3.8	Staða skipulags og leyfisveitinga .....	10
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR .....	11



Skipulagsstofnun

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 3. apríl 2013 sendi Vegagerðin frummatsskýrslu um lagningu Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal á Fljótsdalshéraði til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 11. apríl 2013 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 13. apríl til 27. maí 2013 á Bókasafni Héraðsbúa, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Fljótsdalshéraðs, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Engin athugasemd barst Skipulagsstofnun á kynningartíma. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Vegagerðarinnar.

Þann 15. ágúst 2013 sendi Vegagerðin matsskýrslu um lagningu Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal á Fljótsdalshéraði til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði. Mars 2013.

**Önnur gögn:** Sérfræðiskýrslur og teikningahefti.

**Umsagnir bárust frá:**

- Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 13. maí 2013.
- Fiskistofu með bréfi dags. 15. apríl 2013.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 28. apríl 2013.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 2013.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 7. maí 2013.
- Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 6. maí 2013.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. maí 2013.

**Matsskýrsla:** Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði. Ágúst 2013.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að núverandi Jökuldalsvegur teljist til fjallvega á kaflanum frá Kárahnjúkavegi niður í Hrafnkelsdal. Hann sé 18,5 km langur, hlykkjóttur malarvegur sem teljist ekki til heilsársvega. Fyrirhugað sé að færa Jökuldalsveg þannig að leiðin frá Kárahnjúkavegi niður í Hrafnkelsdal verði 16,3 km löng. Vegur að Aðgöngum 3 verði nýttur á 6,6 km löngum kafla að Glúmsstaðadal en þaðan þurfi að leggja nýjan 9,7 km langan veg, niður í Hrafnkelsdal, sem felist í 6,7 km nýlagningu en fylgi núverandi vegi á um 3 km kafla. Markmið framkvæmdarinnar sé að skapa góða aðkomu að Vatnajökulsþjóðgarði úr Jökuldal og tengja betur Jökuldal og Vesturöræfi. Með tilkomu nýs vegar um Hrafnkelsdal verði afnumin illfær leið úr Hrafnkelsdal inn á hálendið. Einnig verði til áhugaverð hringleið fyrir ferðamenn, um Jökuldal og Fljótsdal. Stefnt sé að því að byggja brýr yfir Hrafnkelu þannig að vegurinn verði fólksbílafær.

**Framkvæmdalýsing.** Í matsskýrslu kemur fram að áfangi I felist í því að leggja 2,6 km langan, uppbyggðan malarveg í vegarstæðinu, á kaflanum frá Glúmsstaðadal að Hrafnkelu. Sett verði endanlegt ræsi í Glúmsstaðadalsá og aðra farvegi. Frá enda vegarkaflans verði lagður stuttur slóði að áreyrum Hrafnkelu og þaðan verði núverandi vegslóði nýttur, framhjá Faxahúsum og svo áfram að Laugarhúsum. Frá Laugarhúsum verði núverandi Jökuldalsvegi með vaði yfir Hrafnkelu fylgt að

Aðalbóli. Áfangi II verði 7,1 km langur uppbyggður heilsársvegur frá efri brúnni yfir Hrafnkelu að Aðalbóli, byggðar tvær brýr yfir ána og lögð klæðing á allan veginn, þ.e. 9,7 km. Langur tími geti liðið þar til ráðist verði í áfanga II, en það sé háð fjárveitingum.

Fram kemur að byggður verði góður og öruggur vegur sem falli eins vel að landi og aðstæður leyfi. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að skeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Vegurinn liggja í grennd við núverandi Jökuldalsveg (F923) á um 3 km löngum kafla. Nýr vegur verði nokkuð uppbyggður og gerður samkvæmt vegflokki C7, sem sé 7,0 m breiður. Hönnunarhraði verði almennt 90 km/klst en til að raska landslagi og gróðri sem minnst þurfi nokkrar beygjur að vera krappari en 90 km/klst hraði leyfi. Lækka þurfi hönnunarhraðann niður í 40 km/klst á 0,2 km löngum kafla í krappri beygju við upphaf vegarkaflans í Glúmsstaðadal og í 80 km/klst á 1,9 km löngum kafla í beygjum við efri brúna yfir Hrafnkelu. Meðalhæð miðlínu vegar yfir landi verði 1,5 m. Langhalli fari mest í 10,3 % við upphaf vegarins í Glúmsstaðadal, annars sé hann undir 7%. Neðan við stöð 7.300 sé mesti halli 4,2%. Mestar vegfyllingar verði í tengslum við þverun Glúmsstaðadalsár og Hrafnkelu.

Fram kemur að vegurinn verði tveggja akreina. Þegar um sé að ræða vegtegund C7 með 0,5 m breiðum öxlum sé nauðsynlegt að gera útskot á 2 – 5 km bili. Lágmarkslengd slíks stæðis sé 30 m og breidd 3 m. Halli vegfláa verði 1:3 eða flatari verði því við komið. Vegrið verði einnig sett þar sem vegurinn liggja að vatni og ekki sé mögulegt að uppfylla skilyrði um breidd öryggissvæða.

**Leggja veglínu.** Í matsskýrslu kemur fram að ný veglína Jökuldalsvegar um Hrafnkeldal hefjist við aflagt stæði fyrir vinnubúðir við Aðgöng 3 í Glúmsstaðadal, við stöð 6600. Hún fari yfir Glúmsstaðadalsá og liggja vestan við ána að ármótum Glúmsstaðadalsár og Þuríðardalsár. Neðan við ármótin nefnist áin Hrafnkeldalsá (Hrafnkela) og liggja veglínan áfram niður með henni að vestanverðu. Meðfram Hrafnkelu fari veglínan um gróið mólendi og kjarrlendi með nokkrum skorningum. Á milli stöðva 8300-8700 og 8900-9100 liggja línan um tvö votlendi sem séu meira en 3 ha að stærð. Á milli stöðva 9200-9400 fari veglínan yfir Hrafnkelu á áreyrum. Hún liggja svo meðfram ánni að austanverðu og sé á köflum á áreyrunum. Við stöð 12200, í grennd við Laugarhús, fari veglínan inn á núverandi Jökuldalsveg (F923) og fylgi honum að stöð 14700. Þar taki veglínan aðra stefnu en núverandi vegur og fari aftur yfir Hrafnkelu milli stöðva 15200-15300, um 140 m neðan við núverandi vað á ánni. Veglínan liggja svo neðan við bæinn Aðalból, þveri tún á milli stöðva 15500-15900, í stað þess að liggja um bæjarhlaðið eins og núverandi vegur. Veglínan komi inn á núverandi Jökuldalsveg (923) við stöð 16200 og endi við stöð 16300. Veglínan þveri Glúmsstaðadalsá einu sinni og Hrafnkelu tvisvar.

**Efnistaka.** Í matsskýrslu kemur fram að til lagningar nýs Jökuldalsvegar um Hrafnkeldal, þurfi allt að 220 þús. m<sup>3</sup> af efni í fyllingu, burðarlög, klæðingu og rofvarnir, þar af um 65 þús. m<sup>3</sup> við áfanga I. Um 35 þús. m<sup>3</sup> efnis muni koma úr vegskeringum en stærsti hluti þess um 185 þús. m<sup>3</sup> verði tekinn úr fimm námum í nágrenni veglínunnar. Metin hafi verið hætta á landrofi í tengslum við efnistöku úr áreyrum Hrafnkelu og staðsetning efnistöku taki mið af því mati. Ekki verði þó hægt að taka endanlega ákvörðun um efnistöku úr áreyrunum fyrr en á framkvæmdatíma því áreyrar Hrafnkelu taki stöðugum breytingum. Námusvæðin séu afmörkuð nokkuð rúmlega og sé samanlagt magn efnis sem óskað sé eftir að fá að taka úr námunum meira en þurfi til framkvæmdanna. Þessi háttur sé hafður á til að nákvæmari staðsetning efnistöku verði sveigjanlegri. Lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, sem sé skilgreint sem vegsvæðið að viðbættum námusvæðum og akstursleiðum að og frá þeim, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll tilhögun við efnistöku og vinnslu verði í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Efnistaka úr áreyrum verði að auki í samráði við fiskifræðing. Við val námusvæða hafi verið miðað við að þau geti fallið vel að umhverfi sínu að efnistöku lokinni og verði námur ekki unnar niður fyrir grunnvatnsborð.

**Frágangur í verklok.** Í matsskýrslu kemur fram að til að draga úr sjónrænum áhrifum verði reynt að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði ekki mjög áberandi. Við efnistöku úr áreyrum Hrafnkelu verði á köflum miðað við að draga úr hættu á landbroti vegna hennar með því að flytja ána í nýjan farveg. Við framkvæmdir verði reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst.

Skeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Frágangi verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Við frágang verði þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum. Allur frágangur verði í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Einnig verði hugað að lagfæringu á eldri sárum eða jarðraski í samráði við viðkomandi aðila. Lífrænum jarðvegi sem sé ofan á skeringum og námum verði ýtt til hliðar áður en efnistaka hefjist og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verði mannvirkið aðlagð landinu meðfram því og lífrænum jarðvegi jafnað yfir þar sem hann sé til staðar. Með því ætti árangur af sáningum að verða öruggari. Miðað sé við að vegsvæði á grónum svæðum verði grædd upp. Við uppgræðslu á grónum svæðum, verði gætt að grenndargróðri þar sem það eigi við. Þar verði svarðlag og jarðvegur nýtt til að endurheimta þann gróður sem fyrir var, auk þess sem sáning og áburður verði notuð eftir atvikum. Sáð verði gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu. Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildina verði almennt ekki ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum eða skeringum ef landið í kring sé ógróið eða þar sem æskilegt sé að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

**Frávik frá matsáætlun.** Í matsskýrslu kemur fram að þegar matsáætlun vegna framkvæmdarinnar var samþykkt, í júní 2010, hafi framkvæmdin heitið *Austurleið (F923) um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði*. Eftir flutning Kárahnjúkavegar frá Landsvirkjun til Vegagerðarinnar og endurskoðun vegaskrár hafi heiti Austurleiðar (F 923) frá Aðalbóli, suður Hrafnkelsdal og upp á Austurleið (910) norðan Snæfells verið breytt. Sá vegur sé nú hluti af Jökuldalsvegi (923). Framkvæmdin heiti því *Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði*.

Fram kemur að legu veglínunnar hafi verið breytt á þremur stöðum frá því sem gert hafi verið ráð fyrir í tillögu að matsáætlun. Í fyrsta lagi milli stöðva 9300-10200, vegna athugasemda frá landeiganda um mikið rask upphaflegu veglínunnar á grónu landi og vegna nálægðar við fornleifar við stöð 10000. Í öðru lagi milli stöðva 11200-11800 vegna athugasemda frá landeiganda um mikið rask upphaflegu veglínunnar á grónu landi. Í þriðja lagi milli stöðva 12500-13300 þar sem hafi verið langur beinn kafli á veglínunni. Þar hafi veglínan verið sveigð, til að fella veginn betur að landinu. Í tillögu að matsáætlun hafi verið miðað við aðra tilhögun áfangaskiptingar. Við nánari skoðun Vegagerðarinnar hafi verið ákveðið að breyta henni í samræmi við það sem lýst er hér að framan. Fram kemur að engar fjárveitingar séu til framkvæmdarinnar en í fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014 séu fjárveitingar til undirbúnings verka utan áætlunar í Norðausturkjördæmi og falli undirbúningur Jökuldalsvegar þar undir.

### 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 3.1 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Skipulagsstofnun gaf út leiðbeiningar árið 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Þar er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun að mestu leiti vægi áhrifa með vægiseinkunnum á sama hátt og gert er í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Stofnunin vinnur að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð eða nokkuð jákvæð sem væri þá millistig á milli talsvert neikvæðra/jákvæðra áhrifa og óverulegra áhrifa. Hér er þá yfirleitt um að ræða staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði og áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum, en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun notar hér hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið.

### 3.2 ÁHRIF Á LANDNOTKUN

Samkvæmt matsskýrslu er framkvæmdasvæðið í Hrafnkelsdal í grennd við Vatnajökulspjóðgarð og að hluta á svæði á náttúruminjaskrá en að öðru leyti er framkvæmdasvæðið á bújörðinni Aðalbóli í Hrafnkelsdal, þar sem m.a. er stunduð ferðaþjónusta. Fram kemur að með bættum samgöngum miðað við fullbyggðan veg kunni að skapast nýr möguleikar fyrir ferðaþjónustu. Núverandi umferð um Jökuldalsveg sé mjög nálægt íbúðarhúsinu á Aðalbóli en nýr vegur með bundnu slitlagi verði í meiri fjarlægð frá íbúðarhúsi og komi til með að hafa jákvæð áhrif fyrir íbúana. Hins vegar muni framkvæmdir hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúa á svæðinu á framkvæmdatíma vegna ónæðis, hávaða, ryks og sjónrænna áhrifa, en Vegagerðin telji að áhrifin verði óveruleg.

Fram kemur að nýr vegur raski ræktuðu landi og skerði beutiland en þar sem nýi vegurinn liggja um svæði sem þegar hafi verið raskað með vegi, verði áhrif á landbúnað minni en þar sem land sé nær óraskað. Aðstæður þeirra sem njóti útivistar á svæðinu muni breytast því nýr vegur muni blasa við, breyta útsýni og hafa áhrif á upplifun fólks. Áhrifin verði sérstaklega mikil á framkvæmdatíma, vegna rasks á landi, hávaða og umferðar stórvirkra vinnuvéla. Að framkvæmd lokinni muni umferð um veginn bæði sjást og heyrast og bæta aðgengi fólks til útivistar í nágrenninu. Fram kemur að nýr vegur samkvæmt áfanga I verði fær mun fyrir á vorin og opinn lengur fram á haustið en núverandi vegur og muni þannig bæta aðgengi til útivistar og skotveiði í innanverðum Hrafnkelsdal og á Vesturöræfum. Þegar vegurinn verði síðan fær öllum bílum að loknum framkvæmdum við áfanga II, megi búast við aukinni umferð um Hrafnkelsdal og fleiri ferðamönnum.

**Skipulagsstofnun** telur að á framkvæmdatíma verði áhrif á landnotkun tímabundið neikvæð fyrir íbúa vegna ónæðis og rasks en að loknum frágangi verði áhrifin óveruleg. Framkvæmdin mun bæta aðgengi að svæðinu sem eykur möguleika á því að efla ferðaþjónustu. Skipulagsstofnun telur að til lengri tíma verði áhrif framkvæmdanna á landnotkun óveruleg.

### 3.3 ÁHRIF Á LANDSLAG

Í matsskýrslu kemur fram að Hrafnkelsdalur hafi mótast af búskap öldum saman og hafi landslagi innanvert í dalnum verið raskað við gerð Kárahnúkvirkjunar með efnishaugum og vegagerð. Sá hluti framkvæmdasvæðisins sem sé minnst raskaður sé á milli Glúmsstaðadalsár að Faxahúsum og þar verði mestu áhrifin á landslag. Landslag á milli Faxahúsa og Aðalbóls beri merki landbúnaðar, með ræktun og vegagerð og verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda lítil á þeim hluta. Með lagningu vegarins um Hrafnkelsdal verði landslagi breytt varanlega með skeringum, fyllingum og efnistöku. Framkvæmdirnar muni hafa varanleg, óafturkræf og bein áhrif á landslag á framkvæmdasvæðinu. Vegagerðin telur að lagning nýs Jökuldalsvegar á áfanga I muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag en nýr vegur á áfanga II muni hafa óveruleg áhrif á landslag.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að þegar áfanga II verði lokið muni vegurinn hafa mikil áhrif á upplifun á landslagi og friðsæld í Hrafnkelsdal. Dalir líkt og Hrafnkelsdalur, með litla truflun af umferð gætu fengið meira gildi í framtíðinni vegna þeirrar sérstöðu. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að vegalagning í Hrafnkelsdal sé til komin vegna óska sveitarfélagsins Fljótisdalshéraðs sem vilji skapa góða aðkomu að Vatnajökulspjóðgarði í tengslum við uppbyggingu á ferðaþjónustu.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna vegagerðar um Hrafnkelsdal hafi í för með sér varanlegar breytingar á landslagi, ásýnd og upplifun svæðisins. Þrátt fyrir að vegurinn muni að hluta til liggja innan núverandi slóða og raskaðs lands og þess gætt að hann falli vel að landslagi og er um að ræða mannvirki, sem mun líkt og Umhverfisstofnun segir í umsögn sinni, hafa neikvæð áhrif á upplifun og friðsæld Hrafnkelsdals. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á ásýnd og landslag verði nokkuð neikvæð.

### 3.4 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að þær jarðmyndanir sem verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna séu jökulruðningur, áreyrar, skriður og klappir. Langstærstur hluti þeirra séu laus jarðlög og allt algengar jarðmyndanir. Áhrif á jarðmyndanir verði staðbundin og framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi þeirra á svæðinu. Heitar uppsprettur séu einu jarðmyndanirnar á svæðinu sem njóti sérstakrar verndar 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Þær séu innan rannsóknasvæðis veglínunnar en utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði og verði ekki fyrir raski. Til að tryggja öryggi þeirra verði komið upp áberandi flöggum sem sýni staðsetningu þeirra. Niðurstaða Vegagerðarinnar sé að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins er varað við þeim áformum að taka verulegt efni til vegagerðarinnar úr farvegi og áreyrum Hrafnkelu sem og því að breyta farvegi árinna, m.a. til að hindra landbrot sem geti hlotist af efnistöku. Reynslan sýni að efnistaka úr farvegi áa og rask í farvegi þeirra leiði oft til landbrots, bæði ofan og neðan efnistöku. Það sé því fyllsta ástæða til að fara með fullri gát og takmarka efnistöku úr ánni svo sem framast megi verða.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að áreyrar Hrafnkelu taki stöðugum breytingum og því ekki hægt að taka endanlega ákvörðun um efnistöku fyrir en stuttu áður en framkvæmdir hefjist. Einnig kemur fram að námusvæðin séu afmörkuð talsvert stærri en þörf sé á til að nákvæmari staðsetning efnistöku verði sveigjanlegri. Áður en til framkvæmda komi muni Vegagerðin hafa samráð við Landgræðslu ríkisins um hvernig best er að haga efnistöku úr áreyrum Hrafnkelu þannig að hætta á landbroti verði sem minnst.

**Skipulagsstofnun** telur að með því að taka efni úr fyrirhuguðum áreyrum í þunnum lögum líkt og Vegagerðin áformar sé ekki líklegt að rof árinna aukist verulega. Stofnunin telur þó jafnframt að Vegagerðin hafi ekki sýnt fram á hvernig hún hyggist nota efnistöku til að draga úr rofi nema í því felist að verja álagsstaði eða viðkvæma bakka með grjótvörn. Gróðurvana áreyrar benda til alltíðra farvegaskipta og telur Skipulagsstofnun að rennissveiflur í ánum muni eftir sem áður valda slíkum farvegaskiptum. Laus jarðefni á borð við skriður, jökulruðning og áreyrar eru þær jarðmyndanir sem verður raskað vegna framkvæmdanna auk þess sem skeringar eru í klöpp. Skeringarnar mynda varanleg sár en ummerki um efnistöku í áreyrarnar munu hverfa þegar Hrafnkela hefur haldið áfram farvegaskiptum og þar sett mark sitt á farveg árinna að nýju. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð.

### 3.5 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að minjar sem lendi innan 220 m rannsóknasvæðis veglínunnar teljist innan mögulegs áhrifasvæðis og séu metnar í hættu vegna framkvæmdanna. Minjastofnun hafi í umsögn sinni lagt til að eftirtaldar minjar verði merktar á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: Hrafnkelsdalur; nr. 1. varða, nr. 2. heystæði, nr. 3-10 tóftir fornbylis, nr. 11 túngarður, nr. 15 hesthús, nr. 16 útihús, nr. 18 Hrafnkelshaugur/Kuml, nr. 19 heystæði og nr. 20 heystæði. Fram kemur að reykkofi (nr. 13) sé í 12 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis og leifar hesthúss (nr. 14) í 6 m fjarlægð og muni þessar minjar að líkindum hverfa að hluta við framkvæmdirnar. Reykkofinn sé frá 20. öld og teljist því ekki til fornleifa skv. 3. gr. laga um menningarmínjar. Fram kemur að í fornleifaskráningunni séu einungis teknar fyrir minjar innan lögboðins svæðis frá miðlínu vegar þar sem upplýsingar um námur, efnisvinnslusvæði og vinnubúðir eða önnur framkvæmdasvæði hafi ekki legið fyrir. Námur verði einungis í efnishaug við Aðgöng 3 og á áreyrum Hrafnkelu og því sé óveruleg hætta á að fornleifar raskist vegna efnistöku. Við staðsetningu efnisvinnslusvæða og vinnubúða verði þess gætt að þau verði ekki innan við 100 m frá skráðum fornleifum. Framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á fornleifar, en með mótvægisáðgerðum verði hægt að draga úr áhrifunum. Niðurstaða Vegagerðarinnar sé að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur í umsögn sinni að mæla þurfi kofatóftina nákvæmlega upp og grafa könnunarskurði í hólinn sem hún standi á í þeim tilgangi að fá betri mynd af stærð hesthússins og aldri þess. Auk þess sem kanna þurfi hvort undir þessum minjum leynist leifar eldri mannvistar á staðnum. Niðurstöður slíkrar könnunar kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari fornleifarannsóknir á staðnum. Í matsskýrslu kemur fram að Vegagerðin muni fylgja tilmælum í umsögn Minjastofnunar Íslands.

**Skipulagsstofnun** telur brýnt að fyrirmælum í umsögn Minjastofnunar Íslands verði fylgt nákvæmlega til að halda neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á menningarminjar í lágmarki. Brýnt er jafnframt að halda vöku sinni á meðan á framkvæmdum stendur og stöðva framkvæmdir og tilkynna til Minjastofnunar líkt og Vegagerðin áformar ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á svæðinu á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að halda neikvæðum áhrifum á menningarminjum í lágmarki og líklegt að þau verði óveruleg.

### 3.6 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

#### 3.6.1 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt rannsókn Náttúrustofu Austurlands verði engum sérstæðum gróðri eða gróðurlendum raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Engar tegundir á svæðinu séu á valista en votlendi sem njóti verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd muni skerðast vegna framkvæmda við áfanga I. Þá muni víðikjarr raskast við framkvæmdir á áfanga II en veglínan hafi verið færð til að draga úr raski á víðikjarri. Til að draga úr áhrifunum verði þess gætt að rask verði sem minnst á framkvæmdatíma og við frágang verði jafn stórt gróðurlendi og raskist grætt upp þ.á.m. votlendi og víðikjarr. Fram kemur að Vegagerðin hafi metið stærð þess votlendis sem raskist miðað við veglínu Jökuldalsvegur og hafi stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um endurheimt votlendis við þá útreikninga. Samkvæmt útreikningum sé um að ræða 9,42 ha svæði, þar af séu tvær stórar runnamýrar í innanverðum Hrafnkelsdal, 3,9 ha mýri á kaflanum milli stöðva 8300-8700 og 4,6 ha mýri á kaflanum milli stöðva stöð 8900-9100. Framkvæmdin raski báðum mýrunum mikið. Stærð svæða sem þurfi að græða upp í stað þeirra gróðursvæða sem raskist vegna vegagerðarinnar sé eftirfarandi: Gróið óræktað land 7,23 km<sup>2</sup>, gulvíðikjarr 0,81 km<sup>2</sup>, votlendi 0,84 km<sup>2</sup>, tún 0,34 km<sup>2</sup> og ógróið land 0,48 km<sup>2</sup>. Leitað hafi verið til héraðsfulltrúa Landgræðslu ríkisins á Austurlandi um hentugt land til uppgræðslu lands í stað þess sem verði raskað vegna efnistöku eða vegagerðar. Áhugavert sé að tengja þessa uppgræðslu við þau svæði sem þegar sé byrjað að vinna við s.s. utar í Hrafnkelsdal eða á heiðinni ofan við Faxahús.

Fram kemur að niðurstaða Vegagerðarinnar sé að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróðurfar svæðisins en með mótvægisáðgerðum, þ.e. uppgræðslu og endurheimt votlendis og víðikjarrs, verði bætt fyrir þau gróðursvæði sem hverfi undir nýjan og endurbyggðan veg.

**Skipulagsstofnun** telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður þar sem rask á gróðursvæðum verður talsvert umfangsmikið m.a. á votlendi sem nýtur verndar. Þá telur stofnunin að þrátt fyrir áform Vegagerðarinnar um mótvægisáðgerðir með endurheimt á jafnstöru votlendi og raskist þá komi nýtt og óþroskað vistkerfi ekki að öllu leyti í stað þess sem hefur fengið að þróast í langan tíma. Hins vegar mun endurheimt votlendis, uppgræðsla víðikjarrs í stað þess sem tapast og uppgræðsla almennt í stað tapaðs gróðurs draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gróður.

#### 3.6.2 Áhrif á fugla

Í matsskýrslu kemur fram að afföll á fuglum muni aukast í Hrafnkelsdal með tilkomu vegar. Nokkrar tegundir verði fyrir meiri áhrifum en aðrar. Mest verði þau á heiðagæsir, heiðlóu, sandlóu og tímabundið á straumendur á meðan efnistaka fari fram í farvegi Hrafnkelu. Óbein áhrif í formi truflunar verði á fála sem gæti hætt varpi í Hrafnkelsdal fyrir vikið. Heiðagæsavarp frá Faxagili inn að Tungusporði verði að víkja að hluta og líklega muni gæsirnar færa sig ofar í landið sömu megin og aðalvarpið sé, ella að færa sig yfir á austurbakkann þar sem lítið varp sé fyrir og mun óhentugra sé að



verpa. Þegar líkleg áhrif af vegi séu áætluð á heiðagæsavarp þurfi að líta til nokkurra þátta. Í því sambandi megi reikna með að áhrifin verði neikvæð og varanleg á varptíma en lítil utan hans. Þau verði staðbundin mikil fyrir varpið í dalnum en óveruleg ef litið sé til heildarstofnsins. Verði farið að tillögum Vegagerðarinnar að óbreyttu, leggi Náttúrustofa Austurlands til að í kjölfar framkvæmda verði heiðagæsavarprið rannsakað svo hægt sé að kortleggja afdrif þess og um leið fálkans. Vegagerðin muni gera það á meðan framkvæmdir standi yfir og fyrstu fimm árin eftir að vegur sé tilbúinn.

Fram kemur að niðurstaða Vegagerðarinnar sé að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fuglalíf verði, á heildina litið, nokkuð neikvæð. Áhrifin á fugla verði bæði bein vegna skerðingar á óröskuðu landi og óbein vegna röskunar á friðsæld í innanverðum Hrafnkelsdal.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með Vegagerðinni og telur að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð á fuglalíf. Helstu áhrifin verða á varplönd heiðargæsa sem þarf að víkja að hluta auk þess sem nokkur óvissa verður um búsetu fálka á svæðinu. Skipulagsstofnun telur jákvætt að Vegagerðin kortleggi afdrif heiðagæsavarfs og þá um leið fálkans. Niðurstöður slíkra rannsókna geta veitt gagnlegar upplýsingar vegna mats á umhverfisáhrifum annarra vegaframkvæmda.

### 3.7 ÁHRIF Á LÍFRÍKI VATNSFALLA

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdin muni hafa áhrif á vatnsföll á svæðinu, þ.e. Glúmsstaðadalsá og Hrafnkelu. Hrafnkela sé tæplega 20 km löng, með 184 km<sup>2</sup> vatnasvið og meðalrennsli fyrir gerð Kárahnjúkastíflu var 4,7 m<sup>3</sup>/s en hafi aukist. Byggt verði ræsi yfir Glúmsstaðadalsá, tvær brýr yfir Hrafnkelu og áreyrum Hrafnkelu verði raskað með vegagerð og efnistöku. Brýr og ræsi verði hönnuð þannig að vatnsop geti tekið stærstu flód í ám og lækjum. Framkvæmdirnar muni því aðeins hafa tímabundin, staðbundin og óveruleg áhrif á vatnafar á svæðinu. Náttúrulegar aðstæður við brúarstæðin séu þannig að talsverðar fyllingar þurfi yfir áreyrarnar og séu brýrnar því nokkuð hátt yfir árfarvegi. Við byggingu brúa og ræsa þurfi óhjákvæmilega að raska botni ána tímabundið á framkvæmdatíma. Mögulega þurfi að reisa bráðabirgðaundirstöður úti í ánum og raska þar með árbotninum við smíði þeirra.

Þá kemur fram að margvísleg vitneskja liggja fyrir um árnar. Hrafnkela sé jökulskotin dragá sem renni í Jökulsá á Dal. Ekki sé vitað til að fiskur alist upp í Jökulsá á Dal og skilyrði fyrir fisk þar séu almennt mjög takmörkuð, botngerð óhagstæð, áin ófrjósöm og mótuð af óstöðugu rennsli og miklu jökulgruggi. Bleikja sé í mörgum hliðarám Jökulsár, allt fram í Sauða á Brúardölum að norðanverðu og Hrafnkelu að austanverðu. Í Hrafnkelu sé staðbundinn bleikjustofn og að áin sé fiskgeng a.m.k. 15 km. Nú séu skilyrði fyrir fisk væntanlega breytt með tilkomu Kárahnjúkastíflu í Jökulsá á Dal og væntanlega einnig í Hrafnkelu. Glúmsstaðadalsá hafi verið raskað verulega vegna framkvæmda við Aðgöng 3 og hafi borvatni verið veitt í hana í nokkur ár. Ekki sé vitað hver fjölbreytileiki smádyralífs í ánni hafi verið áður en framkvæmdir hófust, en rannsóknir á ánni frá árinu 2005 bendi til þess að hún sé fremur frjósöm og tegundaauðug á þeim stöðum sem borvatni var ekki veitt í hana. Hætt sé að veita borvatni í ána en hins vegar sé leki úr Aðgöngum 3 sem renni í Glúmsstaðadalsá. Samkvæmt upplýsingum frá landeigendum að Aðalbóli séu lækjalontur í Hrafnkelu á kaflanum frá Vaðbrekku inn að ármótum Glúmsstaðadalsár og Puríðardalsár. Fiskur sé í neðsta hluta Glúmsstaðadalsár en í henni séu ófiskgengir fossar, neðan við fyrirhugaða þverun. Engin veiði sé í Hrafnkelu ofan við Vaðbrekku en börn hafi stundum krækt í einn og einn fisk. Neðan við Vaðbrekku gangi silungur í Hrafnkelu sem komi frá Þverá, en í hana gangi fiskur úr Ánavatni og Þverárvatni.

Fram kemur að þar sem veglínan liggja meðfram Hrafnkelu þurfi að rofverja veginn á kafla. Á áfanga II hafi Hrafnkela víða rofið árbakka sína og sé fyrirhugað að setja ána í nýjan, mótaðan farveg þar sem hún liggja um námu C og D til að hindra landbrot og vernda veginn. Við gerð nýja farvegarins verði leitast við að hafa hann bugðóttan. Við framkvæmdir á áfanga II verði tekið efni úr námum í áreyrum Hrafnkelu. Efnistakan verði ekki samfelld innan þess svæðis sem sýnt sé á teikningum í matsskýrslu, því aðeins verði tekið efni úr þurrum áreyrum. Engin efnistaka sé fyrirhuguð í ánni og ætti því

gruggmyndun vegna efnistökkunnar að vera í lágmarki þar til efnistöku teljist lokið. Við efnistöku úr áreyrum verði þó farvegi árinna óhjákvæmilega raskað. Stundum þurfi að loka eða breyta farvegum tímabundið, til að komast að efnistökusvæðum. Vegna þess hve náttúrulegar breytingar á farvegum séu tíðar sé ekki hægt að ákveða slíkt endanlega fyrir en kemur að framkvæmdum. Þegar efnistöku telst lokið verði Hrafnkelu hleypt í nýjan farveg, yfir efnistökuastaði C, D og E. Þá verði tímabundin gruggmyndun í ánni. Á áfanga II telji Vegagerðin að áhrif vegagerðar og efnistöku á árfarvegi og áreyrar verði talsverð, og að þau geti haft talsverð neikvæð áhrif á lífríki Hrafnkelu. Áhrifin verði þó líklega bæði staðbundin og skammvinn.

Fram kemur að við gerð matsáætlunar vegna framkvæmdarinnar hafi verið ákveðið að rannsaka ekki sérstaklega lífríki ánnar, en að við ákvörðun um nánari staðsetningu efnistöku, ræsa og brúa yrði leitað áhlits fiskifræðings. Í tillögu að matsáætlun hafi ekki legið fyrir hversu mikil efnistaka yrði úr áreyrum Hrafnkelu og hún ekki sýnd á teikningum. Vegagerðin hefði ekki gert sér grein fyrir að efnistaka úr áreyrum yrði eins mikil og raun ber vitni. Framkvæmdir á áfanga I muni hafa óveruleg áhrif á áreyrar og farveg Hrafnkelu. Það séu framkvæmdir á áfanga II sem geti haft talsverð áhrif á lífríki árinna. Engar fjárveitingar séu til framkvæmda á áfanga II en þegar fjárveitingar fáist verði tekin ákvörðun um þær með a.m.k. 2-3ja ára fyrirvara. Því leggi Vegagerðin til að rannsóknum á lífríki í vatni á áhrifasvæði áfanga II hefjist ekki fyrir en ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdir á þeim áfanga. Fram kemur að samráð verði haft við Veiðimálastofnun um tímasetningu efnistökkunnar og hvenær hleypa skuli ánni í nýjan farveg um efnistökusvæðin. Áður en framkvæmdir hefjist verði leitað leyfis hjá Fiskistofu varðandi mögulegar framkvæmdir við ánnar. Leitast verði við af fremsta megni að spilla sem minnst ánum og umhverfi þeirra og draga þannig úr áhrifum framkvæmdarinnar á lífríkið. Niðurstaða Vegagerðarinnar sé að bein, neikvæð áhrif framkvæmdanna á farvegi vegna vegagerðar, efnistöku, ræsa- og brúargerðar verði staðbundin og tímabundin. Framkvæmdir á áfanga I muni hafa óveruleg áhrif á vatnalíf en líklega muni framkvæmdir á áfanga II hafa talsverð neikvæð áhrif á vatnalíf. Með mótvægisáðgerðum verður dregið úr neikvæðum áhrifum.

**Skipulagsstofnun** telur að áhrif framkvæmdanna á lífríki vatnsfalla á svæðinu, einkum Hrafnkelu, verði óveruleg. Fram hefur komið að framkvæmdasvæðið er ofan veiðisvæða árinna en þau nái að Vaðbrekku. Ofan Vaðbrekku eru lækjalontur en ekki er hætt á hagsmunaárekstrum vegna veiða á framkvæmdasvæðinu. Þó svo að framkvæmdasvæðið sé ofan veiðisvæða Hrafnkelu þá getur ýmis konar mengun innan þess haft alvarleg áhrif neðar í ánni. Skipulagsstofnun telur því brýnt að Vegagerðin hafi samráð við Veiðimálastofnun um tímasetningu þeirra framkvæmdaþátta sem fela í sér athafnir í eða mjög nærri ánum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir á áfanga I muni hafa óveruleg áhrif á vatnalíf en líklega muni framkvæmdir á áfanga II hafa nokkur neikvæð áhrif á vatnalíf. Áður en framkvæmdir hefjast á áfanga II verða að liggja fyrir niðurstöður úr boðuðum rannsóknum á vatnasvæði þess áfanga. Ef rannsóknirnar leiða til þess að Vegagerðin mun taka efnisöflun á svæðinu til endurskoðunar þarf hún að hafa samráð við Skipulagsstofnun um mögulega matsskylduákvörðun.

### 3.8 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna Jökuldalsvegar um Hrafnkelsdal bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 að því undanskildu að þar er ekki gert ráð fyrir efnistökkunni sem ráðgerð er fyrir Jökuldalsveg um Hrafnkelsdal. Því þarf að breyta aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Efnistaka og staðsetning vinnubúða er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

#### 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vegagerðarinnar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vegagerðarinnar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Vegagerðarinnar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Fram hefur komið að framkvæmdasvæðið sé ofan veiðisvæða Hrafnkelu. Þó svo að framkvæmdasvæðið sé ofan veiðisvæða Hrafnkelu þá getur ýmis konar mengun innan þess haft alvarleg áhrif neðar í ánni. Skipulagsstofnun telur því brýnt að Vegagerðin hafi samráð við Veiðimálastofnun um tímasetningu þeirra framkvæmdaþátta sem fela í sér athafnir í eða mjög nærri ánum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir á áfanga I muni hafa óveruleg áhrif á vatnalíf en líklega muni framkvæmdir á áfanga II hafa nokkur neikvæð áhrif á vatnalíf. Vegagerðin hefur lýst því yfir að leitað verði samráðs við Veiðimálastofnun um rannsóknir á lífríki árinna, tímasetningu framkvæmda og breytingar á farvegum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdaleyfi fyrir áfanga II verði háð skilyrði um slíkt samráð og að verktilhögun byggji á ráðgjöf Veiðimálastofnunar. Áður en framkvæmdir hefjast á áfanga II verða að liggja fyrir niðurstöður úr boðuðum rannsóknum á vatnasvæði þess áfanga. Ef rannsóknirnar leiða til þess að Vegagerðin mun taka efnisöflun á svæðinu til endurskoðunar þarf hún að hafa samráð við Skipulagsstofnun um mögulega matsskylduákvörðun.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna vegagerðar um Hrafnkelsdal hafa í för með sér varanlegar breytingar á landslagi, ásýnd og upplifun svæðisins. Þrátt fyrir að vegurinn muni að hluta til liggja innan núverandi slóða og raskaðs lands og þess gætt að hann falli vel að landslagi er um að ræða mannvirki sem mun hafa áhrif á upplifun og friðsæld Hrafnkelsdals. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á ásýnd og landslag verði nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni og telur að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð á fuglalíf. Helstu áhrifin verði á varplönd heiðargæsa sem þurfi að víkja að hluta auk þess sem nokkur óvissa verði um búsetu fálka á svæðinu. Hvort tveggja verður vaktað á framkvæmdatíma og fyrstu fimm ár eftir framkvæmdalok.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður þar sem rask á gróðursvæðum verður talsvert umfangsmikið. Þá telur stofnunin að þrátt fyrir áform Vegagerðarinnar um mótvægisáðgerðir með endurheimt á jafnstóru votlendi og raskist þá komi nýtt og óþroskað vistkerfi ekki að öllu leyti í stað þess sem hefur fengið að þróast í langan tíma. Hins vegar mun endurheimt votlendis, uppgræðsla víðikjarrs í stað þess sem tapast og uppgræðsla almennt í stað tapaðs gróðurs draga verulega úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gróður.

Skipulagsstofnun telur brýnt að fyrirmælum í umsögn Minjastofnunar Íslands verði fylgt nákvæmlega. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að halda neikvæðum áhrifum á menningarminjar í lágmarki og líklegt að þau verði óveruleg. Þá er undanskilið að Reykkofi (nr. 13) og undirliggjandi hesthús (nr. 14) munu að öllum líkindum hverfa og því verður að mæla minjarnar nákvæmlega upp og grafa könnunarskurði í hólinn sem liggur undir.

Skipulagsstofnun telur að með því að taka efni úr áreyrum í þunnum lögum líkt og Vegagerðin áformar sé ekki líklegt að rof Hrafnkelu aukist verulega. Stofnunin telur þó jafnframt að Vegagerðin hafi ekki sýnt fram á hvernig hún hyggst nota efnistöku til að draga úr rofi nema í því felist að verja álagsstaði eða viðkvæma bakka með grjótvörn. Gróðurvana áreyrar benda til alltíðra farvegaskipta

og telur Skipulagsstofnun að rennslissveiflur í ánum muni eftir sem áður valda slíkum farvegaskiptum. Laus jarðefni á borð við skriður, jökulruðning og áreyrar eru þær jarðmyndanir sem verður raskað vegna framkvæmdanna auk skeringa í klöpp. Skeringarnar mynda varanleg sár en ummerki um efnistöku í áreyrarnar munu hverfa þegar Hrafnkela hefur haldið áfram farvegaskiptum og verða því ekki varanleg. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdatíma verði áhrif á landnotkun tímabundið neikvæð fyrir íbúa vegna ónæðis og rasks en að loknum frágangi verði áhrifin óveruleg. Bætt aðgengi ferðafólks til að stunda útivist á svæðinu mun auka möguleika á því að efla ferðapjónustu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á landnotkun verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Fornleifarannsóknnum vegna fornleifa nr. 13 og 14 skal lokið og skulu niðurstöðurnar kynntar fyrir Minjastofnun Íslands sem tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til frekari fornleifarannsókna.
2. Niðurstöður úr rannsóknnum á lífríki Hrafnkelu á vatnasvæði áfanga II þurfa að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt fyrir þeim hluta framkvæmdanna.

Reykjavík, 23. september 2013.

Rut Kristinsdóttir



Sigurður Ásbjörnsson

Skipulagsstofnun